

Athugasemdir við 8. mál á málaskrá Kirkjubings 2022-2023**Til þeirra sem um málið fjalla.**

Ég geri alvarlegar athugasemdir við þær tillögur sem settar eru fram í 8. máli, einkum þau áform að leigugjald miðist við „markaðsleigu á þeim stað eða á því landsvæði þar sem fasteign Þjóðkirkjunnar er staðsett...“ (5. gr). Verði þetta að veruleika eru forsendur mínar og eflaust margra í svipaðri stöðu algjörlega brostnar fyrir búsetu á prestsetrinu. Ég hef litið á mig sem vörslumann kirkjunnar á prestsetrinu og tek þær skyldur mínar alvarlega, tam að halda jörðinni við, gæta að endurbótum og viðhaldi á húsum, girðingum ofl. Morgunljóst er að þetta hlutverk hefur ekki verið metið í krónum og aurum fram að þessu enda taldi ég mig undirgangast vissar skyldur þegar ég sótti um embættið á sínum tíma. Þá hefði ég líka haldið að það væri ávinningur kirkjunnar að styðja þessa vörslumenn í stað þess að íþyngja þeim með auknum álögum eins og boðað er í þessu 8. máli.

Þá er það einnig þýðingarmikið fyrir prestsþjónustuna að presturinn búi í því samfélagi sem hann þjónar og taki þátt í því með fólkinu. Ekki síst á þetta við í smærri byggðarlögum út á landi. Verði prestinum ógert að sitja á prestsetrinu vegna aukinna álaga sem kirkjan leggur honum á herðar er hætt við að hann myndi helst kjósa að búa í eigin húsnæði, í mínu tilfalli, annað hvort á Árborgarsvæðinu eða í Reykjavík, þar sem markaður á húsnæði er meiri og eignarmyndun hraðari á eigin húsnæði en í hinum dreifðari byggðum.

Ef ætlunin er að sigla í þessa átt með að prestar greiði markaðsleigu fyrir prestbústaðinn/setrið er nauðsynlegt að það liggi fyrir áður en sótt er um viðkomandi embætti en ekki eftir á. En miðað við þróunina á því hvernig prestar virðast sogast helst til þjónustu að höfuðborgarsvæðinu og stærstu þéttbýlisstöðum landsins þá mundu þau áform sem boðuð eru í 8. máli ýta enn frekar undir þá þróun og er nú vart á bætandi. Þvert á móti þarf kirkjan að ýta undir og styðja við prestsþjónustuna í hinum dreifðu byggðum, m.a. með því að styðja vörslumenn eignanna í sinni mikilvægu þjónustu. Aukin álög í formi hækkandi leigu eru að mínu mati feigðarflan og beinlínis árás á viðkvæma en mikilvæga þjónustu kirkjunnar út um landið.

Ég bið því kirkjubingsfulltrúa um að stíga varlega til jarðar þegar kemur að umfjöllun og ákvörðunatöku í 8. máli.

Hruna, 21. október 2022.

Með vinsemd og kærri kveðju,

Óskar Hafsteinn Óskarsson

Sóknarprestur í Hruna